



Minnisblað.

Skarðshlíð – húsagötur - vitgötur

Um vistgötur gildir skv. umferðarlögum nr.77 2019 sem tóku gildi 1. janúar 2020

■ 9. gr. Vistgata.

- Um vistgötu ber að aka hægt og eigi hraðar en 10 km á klst. Heimilt er að dveljast og vera að leik á vistgötu. Ökumaður skal sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum.
- Vistgata skal afmörkuð með sérstökum merkjum sem tákna vistgötu. Vélknúnum ökutækjum má ekki leggja í vistgötu nema á merktum stæðum.

Frágangur gatna skv. greinagerð deiliskipulags Skarðshlíðar:

Gatnakerfi og vistgötur

Hádegisskarð er tengibraut innan Skarðshlíðar. Innan hverfisins er gert ráð fyrir safngötum og húsagötum. Hádegisskarð sem er aðalgata inn á svæðið ber einkenni safngötu en þar verður umferðarhraði takmarkaður. Sama gildir um Stuðlaskarð sem er önnur innkoma í hverfið austar. Hraunskarð er einnig safngata sem tengist Hádegisskarði. Breytingar frá fyrra skipulagi á tengibrautum og safngötum felast í uppbroti þeirra á yfirborði við gatnamót og þar sem stígar þvera, auk trjávæðingar. Þannig er gert ráð fyrir að leggja 2m stíg öðru megin við akbraut en staðsetja tré og gróður hinu megin, með örfáum undantekningum þar sem talin er þörf á stíg beggja megin. Tilgangurinn er bæði að gera götumyndina fjölbreyttari og fegurri, en einnig að láta göturýmið virka þrengra og draga þannig úr hraða bílsins. Sem plús eykur gróðurvæðing gatnaumhverfisins einnig líffræðilegan fjölbreytileika.

Húsagötur eru gerðar að vistgötum með hámarkshraða 15 km/klst. Eitt af aðalmarkmiðum vistgatna er að hönnun sé þannig úr garði gerð að öryggi allra vegfarenda sé hámarkað. Hér eru dregnir fram nokkrir punktar varðandi vistgötu, en leitað var til PRS ráðgjafa, sem unnu í framhaldi skýrslu varðandi þær rannsóknir sem hafa verið gerðar og einnig áhrif vistgatna á umhverfið sitt.

Í skýrslunni kemur fram að markmiðið með hönnun vistgatna sé að bæta umhverfið sem svo leiði að sér öruggari hegðun þeirra sem fara þar um. Með góðri hönnun má gera umhverfið þannig að það hvetji til hegðunar sem ýtir undir félagsleg samskipti og auki þar með félagslega samheldni íbúa á svæðinu.

Sem dæmi um þetta má nefna staðsetningu bekkja á svæðum og einnig á leiksvæðum og fjölnota svæðum.

Vistgötur hafa þann eiginleika að bæta hljóðvist og geta einnig eflt samfélagskennd eða félagslega samheldni í hverfum með því að skapa rými fyrir íbúanna sem býður upp á félagsleg samskipti. Eitt af einkennum vistgatna er að lágmarka skiltanotkun og annað áreiti í umhverfinu en láta vegsniðið á móti breyta hegðun vegfarenda. Þannig getur gróður og uppbot göturýmisins dregið úr hraða umferðar, þar sem athygli ökumannsins þarf að beinast að mörgum atriðum. Bíllinn er þannig tekin úr forgangi og þarf að taka tillit til margra þátta í umhverfinu, bæði til að valda ekki tjóni á eigin ökutæki og af tillitsemi við aðra vegfarendur.

Efnisval í vistgötum


Megin hugmyndin í vistgötum er að brjóta upp göturýmið á fjölbreyttan hátt og skapa hlýlegt yfirbragð. Bílstjórnin er gerður meðvitaður um að gangandi vegfarendur hafa forgang og ýmislegt í göturýminu gerir hann meðvitaðan um að aka varlega. Tré eru markvisst notuð til að hægja á umferð og ramma inn hliðarbílastæði, sem eru lögð gegndræpum grasmottum, sem einnig skapar grænt yfirbragð í götunni. Horfið er frá upprunalegri hönnun götunnar þar sem gert var ráð fyrir 6m bílagötu, 10 cm kanntsteini og 2m breiðri gangstétt beggja megin við götuna.



HAFNARFJÖRÐUR

Vistgötur eru samtals 10 metrar eins og upphaflega var gert ráð fyrir, en eru hugsaðar í sama fleti og deilast öðruvísi upp, 2m gangandi umferð, 5m fyrir akandi með nokkrum þrengingum, 2m fyrir hliðarstæði og trjágróður ásamt 1m stíg til að athafna sig við bílinn. Gert er ráð fyrir að malbika 2m stíginn sem viðbót við núverandi malbik, samskeytin verða riffluð með þar til gerðri vél, þannig að bílstjórinn finni hvenær hann fer út fyrir áætlað aksturssvæði. Malbikaði stígurinn verður mynstraður upp með slitþolinni götumálningu í ljósum jarðlit.

Á stöku stað verða bekkir staðsettir við stíginn til að undirstrika að gatan er einnig leik og dvalarsvæði. Núverandi malbik heldur sér, en við bílastæðin er fjarlægð 1 meters rönd af malbikinu og sett grasmotta í 2 metra hliðarstæði og hellulagður 1 meters stígur. Sjá nánar myndir bls. 17 og viðauka 2.




Mynd 1, efri mynd. Þversnið af götu. Gangandi, hjólandi og akandi eru í einu plani.

Mynd 2, neðri mynd. Grunnmynd er sýnir götu. Afmörkun svæða með skreytingu á yfirborði og einnig með því að *riffla* malbikið.



HAFNARFJÖRÐUR



Hlutamynd úr deiliskipulagi Skarðshlíðar 2. ófanga




Hönnun yfirborðs DLD. Gróður, gangstéttar, bílastæði.




HAFNARFJÖRÐUR

KENNISNIÐ 1:100



Kennisnið gatna í Skarðshlíð. Heildar breidd götu eru 10 metrar.



Hlutamynd er sýnir útlit lóðarblaða í Skarðshlíð 2. og 3. áfanga.

- Búið er að úttdeila lóðum innan hverfisins og mikil uppbygging nú í gangi. Því er óskað eftir staðfestingu Skipulags- og byggingarráðs hvort hugur sé á að fylgja þeim deiliskipulagshugmyndum er varða frágang á og við götu og göturými.
- Skipulagssvið bæjarins lítur svo á að á staðsetning gróðurs, gróðurkassa og annarra götugagna á uppdrætti sé leiðbeinandi.
- Sannarlega hafa orðið breytingar á lóðum innan hverfisins en hugað hefur verið að því að fjöldi almennra stæða við götu haldist, þótt einhver þeirra hafi færst til vegna breytinga. Allur kostnaður sem kann að verða í göturými vegna deiliskipulagsbreytinga á einstökum lóðum fellur á þann sem óskar eftir að fara í slíkar breytingar.



HAFNARFJÖRÐUR

Mikilvægt er að vekja athygli á atriðum sem geta komið upp í framhaldinu þegar hafist verður handa við frekari útfærslu götuýma, í samræmi við ákvæði og leiðbeiningar sem settar eru fram í deiliskipulagi og viðauka:

- Misskilningur gæti orðið hvað varðar bílastæði. Áhyggjur snúa að því að mögulega verði lagt á fyrirhuguðum göngusvæðum, sérstaklega þar sem takmarkaður fjöldi gestastæða er innan hverfisins.
- Útfærsla gatna er með þeim hætti að þær liggja í plani. Það er að segja að t.d. er ekki er gert ráð fyrir kantsteini til að afmarka göngusvæði. Afmörkun svæða verður með merkingum í götu og með yfirborðsmeðhöndlun sem gefur til kynna aðra notkun.
- Þar sem afmarkanir eru í plani sjást þær illa í snjó. Snjóruðningur er aðeins í götu og gönguleið í götu.
- Lagt er upp með að gróðurkassar séu uppbyggðir svo nægjanlegt rótasvæði fáist. Jafnframt þarf að huga að því að slíkir gróðurkassar verði staðsettir með þeim hætti að þeir valdi ekki sjónrænni skerðingu umferðar og á það sér í lagi við bílastæði stæði sem liggja innan lóðar við íbúðarhúsin.
- Erfitt gæti orðið að tryggja 10km/klst hraða í götunni þar sem ekki er gert ráð fyrir hindrunum að svo stöddu, sem gætu hægt á akandi umferð og vakið athygli ökumanna á yfirbragði og gerð göturýmisins.

Sé einhugur í skipulagsnefndum bæjarins að göturýmin verði útfærð í samræmi við þá hugmyndafræði sem heildar deiliskipulag hverfisins leggur fram er mælt með að frekari útfærsla þeirra verði unnin og að sá landslagsarkitekt sem þegar hefur komið að hönnun göturýmanna verði ráðinn til verksins.